

~~07~~ 07.14

AD MARGGEFNU TILEFNI ÓSKA SAMTÖK UM KVENNALISTA AD ÉFTIRFARANDI KOMI FRAM:

Í áratugi hefur Íslendingum verið skipt í tvær andstæðar fylkingar með og á móti aðild að hernaðarbandalagi, með og á móti veru erlends hers í landinu og stjórnmalaflokkar hafa notað það blygðunarlaust sér til framdráttar. Á sama tíma hefur vígbúnaður stórveldanna margfaldast og ógnar nú öllu lífi á jörðinni. Spurningin er ekki eingöngu um þátttöku okkar í hernaðarbandalagi eða dvöl hers hér á landi, spurningin er um líf eða dauða. Íslenskar konur verða því að sameinast í baráttu fyrir afnámi allra hernaðarbandalaga, afvopnun og friði.

Við viljum að íslensk stjórnvöld taki afstöðu gegn vígbúnaði þæði heima fyrir og á alþjóða vettvangi, því að ógnarjafnvægi leiðir ekki til öryggis. Við viljum að stjórnvöld beiti áhrifum sínum hjá alþjóðasamtökum til eflingar friði og alþjóðlegri réttarvernd.

Við viljum tryggja að kjarnorkuvopn verði aldrei leyfð á Íslandi. Við viljum að íslensk efnahagslögsaga verði friðuð fyrir kjarnorkuvopnum og umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Við mótmælum harðlega losun kjarnorkuúrgangs og eiturefna í hafið vegna þeirrar hættu sem öllu lífríki og þar með fiskistofnum er búin með slíku athæfi.

Við viljum draga úr umsvifum erlends hers meðan hann er hér á landi því aukin hernaðarumsvif hvar sem er í heiminum auka vígbúnaðarkapphlaupið. Við viljum strangt eftirlit með starfsemi hersins. Við viljum að stjórnvöld skýri undanbragðalaust frá framkvæmdum og herbúnaði Bandaríkjahers hér. Við viljum minnka áhrif hersins í íslensku efnahagslífi svo tryggt verði að afstaða til hans mótist ekki af efnahagslegum og atvinnulegum hagsmunum. Við viljum að íslenskt atvinnulíf sé óháð veru hersins.

Við styðjum hugmyndir um að ákveðin svæði verði lýst kjarnorkuvopnalaus og njóti alþjóðlegrar viðurkenningar, því við teljum það viðleitni til afvopnunar á jörðinni allri. Á þeim grundvelli viljum við að íslensk stjórnvöld stuðli að því að Norðurlöndin í heild verði lýst kjarnorkuvopnalaus svæði.

Reykjavík 30.3. 1983